



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026  
Garðyrkjuskólinn Reykjum



**SKÓG3SB03**  
**Skjólbelti**

|          |                                                                                                                         |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Kennari: | <b>Hallur Björgvinsson</b> <a href="mailto:hallur.bjorgvinsson@landogskogur.is">hallur.bjorgvinsson@landogskogur.is</a> |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

| Áfangi                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Einingar                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Hæfniprep |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| SKÓG3SB03 – Skjólbelti                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | 3 fein                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 3         |
| <b>Lýsing</b><br>Í áfanganum er fjallað um mikilvægi skjólbelta og helstu leiðir til skjólbeltaræktar. Skoðuð eru veðurfarsleg, ræktunarleg og samfélagsleg áhrif skjólbelta, tegundaval til skjólbeltaræktunar, undirbúningur, umhirða og viðhald skjólbelta, skjólbeltanet á bújörðum, skjólbelti fyrir bæjarfélög og vegi ofl. Nemendur vinna skjólbeltaverkefni þar sem þau fá æfingu í að staðsetja, skipuleggja, velja tegundir og ræktunaraðferðir, reikna út kostnað og gera umhirðuáætlun fyrir nokkrar skjólbeltagerðir. |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |           |
| <b>Forkröfur</b><br>SKÓG3NÝ04 (Nýrækt skóga), GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar), JARÆ2FV05 (Jarðvegur og ræktun)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |           |
| <b>Þekkingarviðmið</b><br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>• Gagnsemi skjólbelta.</li><li>• Margvísleg áhrif skjólbelta á veðurfar og samfélag.</li><li>• Staðsetningu skjólbelta til að hámarka áhrif þeirra.</li><li>• Tegundavali og ræktunartækni í skjólbeltagerð.</li><li>• Skipulagningu ýmissa skjólbeltagerða.</li></ul>                                                                                                                                            | <b>Hæfniviðmið</b><br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>• Gera sér grein fyrir gagnsemi skjólbelta og áhrif þeirra á nærsamfélag og miðla til annarra, sem metið er með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi.</li><li>• Skipuleggja og velja plöntur í skjólbelti með langtímaáhrif og hagkvæmni að leiðarljósi, sem metið er með kynningu, rökstuðningi.</li><li>• Lýsa undirbúningi og framkvæmd skjólbeltagerðar sem metið er með kynningu, rökstuðningi og/eða skriflegu prófi.</li></ul> |           |
| <b>Leikniviðmið</b><br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>• Meta og lýsa gagnsemi skjólbelta og áhrifum þeirra á nærsamfélag.</li><li>• Undirbúa jarðveg fyrir skjólbeltaræktun.</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |           |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                      |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipuleggja skjólbelti m.t.t. staðhátta.</li> <li>• Velja saman tegundir í skjólbelti til að hámarka skjólahríf til langs tíma.</li> <li>• Hirða um og viðhalda skjólbeltum.</li> </ul>                                                                                                                                            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Meta ástand skjólbeltis og gera áætlun um endurbætur á því sem metið er með rökstuðningi og/eða skriflegu prófi.</li> </ul> |
| <b>Námsmat</b><br>Verkefni, kynning, skýrsla eða skriflegt próf                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                      |
| <b>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                      |
| <b>Tenging við grunnþætti</b><br>Læsi – nemendur læra að lesa í veðurfar og landslag og staðsetja skjólbelti þannig að áhrif þeirra verði sem mest.<br>Heilbrigði og velferð – skjól stuðlar að auknu heilbrigði og velferð manna, dýra og þess gróðurs sem vex upp í skjólinu.<br>Sköpun – við skipulagninu skjólbelta fær sköpunargleðin að njóta sín, m.a. í plöntuvali. |                                                                                                                                                                      |
| <b>Dags.:</b><br><b>Höfundar:</b> Úlfur Óskarsson, Hallur Björgvinsson                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                      |

| Vika    | dags.     | tími        | efni                                                 | kst. | kennari |
|---------|-----------|-------------|------------------------------------------------------|------|---------|
| 1       | 6. jan.   | 12:45-15:45 | <b>Lotuvika</b> kynning. (Inngangur)                 | 4    | HB      |
| 2       | 13. jan.  | 12:45-15:45 | Hönnun skjólbeltis - ýmsar gerðir, tegundanotk.      | 4    | HB      |
| 3       | 20. jan.  | 12:45-15:45 | Tegundir; tré og runnar í skjólbelti                 | 4    | HB      |
| 4       | 27. jan.  | 12:45-15:45 | Skipulagning skjólkerfa - vinna skjólb.áætlanir      | 4    | HB      |
| 5       | 3. feb.   | 12:45-15:45 | <b>Lotuvika</b> verkefnavinna – (trjáskoðun Reykjum) | 4    | HB      |
| 6       | 10. feb.  | 12:45-15:45 | Skjólbelti: framkvæmdir – aðferðir - kostnaður       | 4    | HB      |
| 7       | 17. feb.  | 12:45-15:45 | Áhrif veðurs á gróður/Áhrif skjóls á veðurþætti      | 4    | HB      |
| 8       | 27. feb.  | 12:45-15:45 | Verkefnavinna                                        | 4    | HB      |
| 9       | 3. mars   | 12:45-15:45 | Umhirða skjólbelta – endurnýjun                      | 4    | HB      |
| 10      | 10. mars  | 12:45-15:45 | <b>Lotuvika</b> verkefni og eða skoðunarferð         | 4    | HB      |
| 11      | 17. mars  | 12:45-15:45 | Búskaparskógrækt (agroforestry) Ýmsar aðferðir       | 4    | HB      |
| 13      | 24. mars  | 12:45-15:45 | Verkefnavinna – yfirlit - verkefnaskil               | 4    | HB      |
| samtals |           |             |                                                      | 48   |         |
| 15      | 14. apríl | 9:00        | Verkefnaskil í stað prófs                            | 4    | HB/BÖE  |

**Kennslubækur og ítarefni:**

Afrit af fyrirlestrum á netinu frá kennara. Kaflar úr Skógarbók Grænni skóga og Skógarauðlindinni..

**Námsmat:**

Nokkur verkefni, skjóláætlun, kynning, sem þarf að skila inn og ástundun gilda samtals 100% af lokaeinkunn. Nemendur vinna verkefni á önninni, og er gefið staðið / fallið. Áfanginn er án lokaprófs. Lámarkseinkunn í áfanganum er 4,5. Skilaskylda er á verkefnum.

**Efnistöð í tímum þurfa ekki endilega að fara saman við kennsluáætlun, og geta hnikast til eftir atvikum. Hægt er með minni fyrirvara að fara yfir efni sem kennara eða nemendum kemur til hugar að væri áhugavert að skoða.**

**Verkefni:** 1. Notkun tegunda í skjólbelti/tegundablöndun, 2. Skjólætlun fyrir svæði að eigin vali; skjólkerfi tegundasamsetning, 3. Skjólbeltaáætlun fyrir tiltekið svæði (valið af kennara) fullgerð áætlun með; forsendum, hönnun skjólkerfis, tegundir, framkvæmdalýsing, kostnaðarmat o.fl. (4.Sameiginlegt verkefni: Umhirðuáætlun skjólbeltis)

**Skipulag áfanga**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir. Efnistöð í tímum þurfa ekki endilega að fara saman við kennsluáætlun, og geta hnikast til eftir atvikum.

**Vettvangsferðir og verklegar æfingar:** Verkefnavinna og/eða æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins. Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og vettvangsferðir í lotuvikum.

**Upptökur:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 5. janúar 2026**

**Björgvin Örn Eggertsson**